



FRAMKVÆMDASTJÓRN
EVRÓPUSAMBANDSINS

Brussel, **XXX**
[...] (2012) **XXX** drög

VIÐAUKI VIÐ EASA ÁLIT 06/2012 06/2012

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. .../.

frá **XXX**

sem breytir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. .../... um tæknilegar kröfur og stjórnásluferla í tengslum við flugrekstur í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 frá Evrópuþinginu og ráðinu

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. .../..

frá **XXX**

sem breytir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. .../... um tæknilegar kröfur og stjórnsýsluferla í tengslum við flugrekstur í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 frá Evrópuþinginu og ráðinu

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS,

Hefur með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

Með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins frá 20. febrúar 2008 nr. 216/2008/EB, um almennar reglur á sviði almenningsflugs, stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, og afnám tilskipunar Evrópuráðsins 91/670/EBE, reglugerðar nr. 1592/2002/EB¹, og tilskipunar 2004/36/EB, einkum gr. 8(5),

Þar sem:

- (1) Markmið reglugerðar 216/2008 er að koma á og viðhalda háu og samræmdu öryggisstigi almenningsflugs í Evrópu. Reglugerðin býður upp á leiðir til að ná því markmiði á sviði öryggis í almenningsflugi.
- (2) Rekstur loftfars, sem skráð er í þriðja ríki, og notað af flugrekanda þar sem eitthvert aðildarríki tryggir eftirlit með rekstrinum eða það er notað til, innan eða frá Evrópusambandinu af flugrekanda, sem stofnsettur er eða á heima í Evrópusambandinu, skal vera í samræmi við viðeigandi grunnkröfur sem kveðið er á um í viðauka IV við reglugerð nr. 216/2008
- (3) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 ætti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að taka upp nauðsynlegar útfærslureglur til að skapa skilyrði fyrir öruggan rekstur loftfara. Reglugerð (ESB) nr. 965/2012 kveður á um þessar framkvæmdareglur fyrir starfsemina.
- (4) Í þessari eru breytingar á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 til aukningar á einstökum þáttum í rekstri loftfara sem skráð eru í þriðja ríki af rekstraraðila í Evrópusambandinu.
- (5) Nauðsynlegt er að veita flugiðnaðinum og stjórnsýslu aðildarríkjanna nægilegan tíma til þess að aðlaga sig að hinum nýja stjórnsýsluramma.
- (6) Flugöryggisstofnun Evrópu (hér eftir nefnd 'stofnunin') útbjó tillögur að útfærslureglum og lagði þær fram sem álit fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við gr. 19(1) í reglugerð (EB) nr. 216/2008.
- (7) Aðgerðirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar sem var stofnuð með gr. 65 í reglugerð (EB) nr. 216/2008.

¹

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ :

1. grein

Viðauka II (hluti-ARO) og viðauka III (hluti-ORO) er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

Grein 2

1. Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún hefur verið auglýst í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún skal gilda frá og með 28. október 2014.

2. Með undanþágu frá annarri undirmálgrein málgreinar 1, skulu ákvæði viðauka I við viðauka III gilda frá gildistöku viðauka VI.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel,

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar
Forsetinn*

VIÐAUKI

Viðauka II (hluti-ARO) er breytt með eftirfarandi hætti:

1. Málsgrein ARO.OPS.110 (c) er breytt með eftirfarandi hætti:
 - (c) Svipta skal, eða afturkalla, leyfi fyrir samkomulagi um tómleigu þegar:
 - (1) þegar loftfarið hefur verið svipt lofthæfisvottorði eða það afturkallað;
 - (2) loftfarið er á lista yfir flugrekendur sem rekstrarhömlur gilda um

eða það er skráð í ríki þar sem allir flugrekendur, sem það hefur eftirlit með, eru í rekstrarbanni samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Viðauka III (hluti-ORO) er breytt með eftirfarandi hætti:

2. Málsgrein ORO.AOC.100 (c) er breytt með eftirfarandi hætti:
 - (c) Umsækjendur skulu sanna fyrir lögbæru stjórnvaldi að:
 - (1) þeir uppfylli allar viðeigandi kröfur í viðauka IV við reglugerð (EB) nr. 216/2008, þessum viðauka og viðauka IV (hluta-CAT) og viðauka V (hluta-SPA) við þessa reglugerð,
 - (2) öll loftför, sem starfrækt eru, hafi lofthæfisvottorð (CofA) í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 eða séu í tómaleigu í samræmi við ORO.AOC.110 (d); og
 - (3) stofnunin og stjórnun hennar sé eðlileg og hæfileg með tilliti til stærðar og umfangs starfseminnar.
3. Málsgrein ORO.AOC.100 (b) er breytt með eftirfarandi hætti:
 - (b) Flugrekandi vottaður í samræmi við þennan hluta skal ekki leigja loftfar á lista yfir flugrekendur, sem rekstrarhömlur gilda um, sem skráð er í ríki þar sem allir flugrekendur, sem það hefur eftirlit með, eru í rekstrarbanni eða frá flugrekanda sem er í rekstrarbanni samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

4. Málsgrein ORO.AOC.100 (d) er breytt með eftirfarandi hætti:

Hvaða tómaleiga sem er

- (d) Umsækjandi um samþykki fyrir tómaleigu á loftfari skráð í þriðja ríki skal sanna fyrir lögbæru stjórnvaldi að:
 - (1) rekstrarþörf hafi komið í ljós, sem ekki er hægt að fullnægja með leigu á loftfari, sem skráð er í Evrópusambandinu;
 - (2) að lengd tómaleigunnar sé ekki lengri en sjö mánuðir á hverju 12 mánaða tímabili;
 - (3) að fylgni við gildandi kröfur reglugerðar (EB) nr. 2042/2003 sé tryggð; og

(4) að loftfarið sé útbúið í samræmi við reglur ESB um starfrækslu loftfara.

5. Málsgreinum ORO.AOC.130 (a) og (b) er breytt með eftirfarandi hætti:

- (a) Flugrekandinn skal koma á laggirnar og viðhalda kerfi til eftirlits með fluggögnum, sem skal samþætt stjórnunarkerfinu, fyrir flugvélar með hámarks samþykktu flugtaksþyngd yfir 27.000 kg.
- (b) Kerfið, sem sinnir eftirliti með fluggögnum, skal vera órefsandi og hafa að geyma fullnægjandi verndarráðstafanir til að vernda gagnheimildina.

6. Viðauka I við viðauka III er breytt með eftirfarandi hætti:

Viðbætur I við viðauka III

YFIRLÝSING	
í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 965/2012 um flugrekstur.	
Flugrekandi	
Nafn:	
Staðurinn þar sem flugrekandinn er stofnsettur eða með heimilisfang og staðurinn þar sem starfsemi er stjórnað:	
Nafn og samskiptaupplýsingar ábyrgðarmanns:	
Samningsbundið áframhald á skipulagi lofthæfisstjórnunar	
Nafn fyrirtækis og heimilisfang og leyfistilvísun (samkvæmt EASA eyðublaði 14):	
Upphafsdagsetning reksturs/gildistími breytingar:	
Tegund(ir) starfsemi:	
<input type="checkbox"/> Hluti-NCC: (tilgreinið ef farþegi og/eða farmur)	
Tegund(ir) loftfars, skráning(ar) og höfuðstöðvar:	
Lýsing á gildum leyfum (látið fylgja með yfirlýsingunni lista um sérstök leyfi, ef við á)	
Listi yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur með tilvísan í viðurkenndu aðferðirnar til að uppfylla kröfur sem þær koma í staðinn fyrir (látið fylgja sem viðhengi við yfirlýsinguna)	
<input type="checkbox"/> (ef við á) fyrir loftfar skráð utan Evrópusambandsins	
Skráningarríki:	
Reglugerð skráningarríkisins sem gildir um loftfarið:	
Yfirlýsingar	
<input type="checkbox"/> Gögn um umsýslukerfið, þar á meðal rekstrarhandbókin, endurspeglar gildandi kröfur sem kveðið er á um í hluta-ORO, hluta-NCC og hluta-SPA.	

Öll flug munu framkvæmd í samræmi við ferlana og leiðbeiningarnar sem tilgreindar eru í rekstrarhandbókinni.

Öll loftför, sem rekin eru, hafa gild lofthæfisskírteini og samræmast reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003.

Öll flugáhöfnin, öryggis- og þjónustuliðar og eins og við á, hafa hlotið þjálfun í samræmi við viðeigandi kröfur.

(Ef við á)

Flugrekandi hefur innleitt og sýnt fram á samræmi við opinberlega viðurkenndan atvinnugreinarstaðal.

Tilvísan í staðalinn:

Vottunaraðili:

Dagsetning síðustu samræmingarendurskoðunar :

Sérhver breyting á rekstri sem hefur áhrif á upplýsingarnar sem gefnar eru í þessari yfirlýsingu mun verða tilkynnt til lögbæra stjórnvaldsins.

Flugrekandinn staðfestir að upplýsingarnar, sem gefnar eru í þessari yfirlýsingu, séu réttar.

Dagsetning, nafn og undirskrift ábyrgðarmanns